

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 60/2020

frá 30. apríl 2020

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1942 frá 22. nóvember 2019 um að samþykkja ekki karbendasím sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 9 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1950 frá 25. nóvember 2019 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir kalíumsalti af sýklóhexýlhýdroxýdíasen-1-oxíði (K-HDO) til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1951 frá 25. nóvember 2019 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir tebúkónasóli til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1959 frá 26. nóvember 2019 um að samþykkja ekki silfurnatríumvetnissirkonfosfat sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 2 og 7 ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1960 frá 26. nóvember 2019 um að samþykkja ekki silfurseólít sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 2 og 7 ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1969 frá 26. nóvember 2019 um

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 303, 25.11.2019, bls. 29.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 304, 26.11.2019, bls. 19.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 304, 26.11.2019, bls. 21.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 306, 27.11.2019, bls. 40.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 306, 27.11.2019, bls. 42.

frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir 3-joð-2-própýnýlbútýlkarbamati (IPBC) til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 ⁽⁶⁾.

- 7) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1973 frá 27. nóvember 2019 um að samþykkja ekki silfurkoparseólít sem fyrirbyggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 2 og 7 ⁽⁷⁾.
- 8) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 12zzzzzzc (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1692) í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

- „12zzzzzzd. **32019 D 1942:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1942 frá 22. nóvember 2019 um að samþykkja ekki karbendasím sem fyrirbyggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 9 (Stjtið. ESB L 303, 25.11.2019, bls. 29).
- 12zzzzzze. **32019 D 1950:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1950 frá 25. nóvember 2019 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir kalíumsalti af sýklóhexýlhýdroxýdíasen-1-oxíði (K-HDO) til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 (Stjtið. ESB L 304, 26.11.2019, bls. 19).
- 12zzzzzzf. **32019 D 1951:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1951 frá 25. nóvember 2019 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir tebúkónasóli til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 (Stjtið. ESB L 304, 26.11.2019, bls. 21).
- 12zzzzzzg. **32019 D 1959:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1959 frá 26. nóvember 2019 um að samþykkja ekki silfurnatríumvetnissirkonfosfat sem fyrirbyggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 2 og 7 (Stjtið. ESB L 306, 27.11.2019, bls. 40).
- 12zzzzzzh. **32019 D 1960:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1960 frá 26. nóvember 2019 um að samþykkja ekki silfurseólít sem fyrirbyggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 2 og 7 (Stjtið. ESB L 306, 27.11.2019, bls. 42).
- 12zzzzzzi. **32019 D 1969:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1969 frá 26. nóvember 2019 um frestun að því er

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 307, 28.11.2019, bls. 45.

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L 307, 28.11.2019, bls. 58.

varðar lokadag samþykkis fyrir 3-joð-2-própýnýlbútýlkarbamati (IPBC) til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 (Stjtið. ESB L 307, 28.11.2019, bls. 45).

12zzzzzzj. **32019 D 1973:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1973 frá 27. nóvember 2019 um að samþykkja ekki silfurkoparseólít sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 2 og 7 (Stjtið. ESB L 307, 28.11.2019, bls. 58).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvarðana (ESB) 2019/1942, (ESB) 2019/1950, (ESB) 2019/1951, (ESB) 2019/1959, (ESB) 2019/1960, (ESB) 2019/1969 og (ESB) 2019/1973, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. maí 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. apríl 2020.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Clara Ganslandt

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.